

Ed.

588. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað skirteini þau, er fylgja umsóknum þeirra útlendinga, sem sækja um ríkisborgararétt og teknir eru upp í frv., og hefir ekki fundið annað athugavert en að engar upplýsingar liggja fyrir um dvöl Oskar Sövik, rafveitustjóra á Blönduósi, hér á landi árin 1930—1933, en hann kveðst hafa unnið við rafveitur víðsvegar um landið þann tíma. Þannig vantar vottorð um dvalarstaði hans, vottorð um, að hann hafi ekki þegið framfærslustyrk, sem og hegningarvottorð.

En þó að þetta væri allt í lagi, skortir samt sem áður 5—6 mánuði upp á lögfullan dvalartíma hans í landinu. Ákvæðum laganna er því ekki fullnægt að því er þennan mann snertir, og getur því nefndin ekki mælt með því, að honum verði veittur ríkisborgararéttur í þetta sinn.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt.

BREYTINGARTILLAGA.

Frvgr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Hákonsen, Gustav Ragnar, vélstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Hammer, Sigvard Antoni Andreasson, verkamaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
3. Haraldsen, Gottfred, húsgagnabólstrari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
4. Kaaber, Ludvig Emil, bankastjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
5. Lüders, Georg Oluf Emil Liedarziok, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

Alþingi, 22. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari.

Magnús Gíslason,
frsm.